

Aflamark Byggðastofnunar

Samkomulag um aukna byggðafestu í Grímsey

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á allt að 35.684 þorskígildiskílóum af aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027 í því skyni að treysta byggðafestu í Grímsey. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 1256/2024, umsóknar útgerðarinnar 6. desember 2024, sem er fylgiskjal með samningi þessum og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 20. febrúar 2025.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki
- Sæbjörg EA184 ehf. kt. 670521-0280 Hafnargötu 7, 611 Grímsey

1. Markmið

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í byggðarlaginu með því að draga sem mest úr óvissu um framtíðina. Í því skyni stefna samningsaðilar að sem öflugastri útgerð í Grímsey sem skapi og viðhaldi sem flestum heilsársstörfum við veiðar og afleidda starfsemi í eygni.

2. Samningstími og árangursmat

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027 með fyrirvara um árangursmat og endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs. Í þeim tilgangi skal samningsaðili í lok hvers fiskveiðiárs gera Byggðastofnun grein fyrir framgangi verkefnisins á nýliðnu fiskveiðiári og hvort árangursviðmið hafi náðst, á því formi sem stofnunin óskar. Við lok samningstímans verður lagt mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir.

3. Fyrirvari um magn

Samningurinn er gerður með fyrirvara um það magn sem ráðherra ákvarðar með reglugerð um veiðar í atvinnuskyni, skv. 10. gr. a. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sbr. 3. gr. sömu laga til aflamarks Byggðastofnunar fyrir hvert fiskveiðiár.

4. Fjöldi starfa, aflamagn og áhrif á atvinnulíf og samfélag

Samningsaðili skuldbindur sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda, leggja fram að lágmarki það mótframlag til veiða og sinna þeim jákvæðu áhrifum á atvinnulíf og samfélag sem fram kemur í umsókn, að teknu tilliti til endanlegrar úthlutunar.

5. Samstarf aðila

Samstarfsaðili Byggðastofnunar skal gera samkomulag um slægingu afla í Grímsey sbr. ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 1256/2024, enda sé afli ekki slægður um borð, og er samkomulagið fylgiskjal með samningi þessum. Undirrituðu afriti samkomulags skal skila til Byggðastofnunar og eru skil á því forsenda úthlutunar aflamarks samkvæmt samningi þessum.

6. Framsal aflamarks

Framsal aflamarks sem er úthlutað samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Samningsaðili skal gera grein fyrir öllum slíkum

skiptum og/eða vistunarsamningum þannig að ljóst sé með samanburði við gögn Fiskistofu hvernig umsamið aflamark skilar sér til veiða samkvæmt samningi þessum.

7. Breytingar á högum

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að hann geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Forsvarsmenn samningsaðila skulu tilkynna stofnuninni um breytingar á eignarhaldi samningsaðila og bera ábyrgð á því að eignarhald félaga samningsaðila sé í samræmi við lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum.

8. Eftirlit

Vegna eftirlits með framkvæmd samnings er Byggðastofnun m.a. nauðsynlegt að fá aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni Fiskistofu. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 veita samningsaðilar samnings þessa um aukna byggðafestu (aflamark Byggðastofnunar), Byggðastofnun hér með umboð til að fá þær upplýsingar úr gagnagrunni Fiskistofu, auk upplýsinga frá öðrum yfirvöldum, þar með talið skattyfirvöldum, sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlits með samningi þessum á því formi sem sérfræðingar hennar og viðkomandi stofnana koma sér saman um.

9. Samningsbrot

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðar nr. 1256/2024 verið brotin sbr. 9. greinar hennar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða auk afturköllunar úthlutunar. Sé úthlutað aflamark Byggðastofnunar nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða áður nefndri reglugerð skal útgerðarútgerðaraðili skila sama magni aflamarks aftur til Byggðastofnunar.

10. Umsýslugjald

Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 14. gr. laga um Byggðastofnun er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar. Gjaldið ákvarðast **að lágmarki** 2 vinnustundir samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar hverju sinni og er innheimt við úthlutun hvers fiskveiðiárs. Verði umsýsla vegna samningsins verulega umfangsmeiri á tímabilinu verða fleiri vinnustundir innheimtar samkvæmt tímaskýrslum starfsmanna og gjaldskrá hverju sinni. Gjaldldagi umsýslugjalds er 1. september ár hvert á samningstímabilinu og eindagi 15 dögum síðar.

11. Birting samnings

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

12. Gildistími samnings

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027 og fellur úr gildi að þeim tíma liðnum án sérstakrar tilkynningar samningsaðila.

Til staðfestingar hafa samningsaðilar undirritað samning þennan með rafrænni undirritun.